

Samráðsáætlun

vegna gerðar viðbótar við stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins Álafoss - Álanesskógur

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Álafoss í Mosfellsbæ tók gildi árið 2020 með [auglýsingu nr. 1023/2020](#).

Mosfellsbær stefnir á að gera Álanesskóg að útivistarskógi með áningarstöðum og trjákurldum stígum. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. auglýsingar um friðlýsingu Álafoss skulu framkvæmdir vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun. Í gildandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið er ekki fjallað sérstaklega um stöðu og stefnu í Álanesskógi. Viðauki þessi tekur því eingöngu til skógarins enda eru áform Mosfellsbæjar í samræmi við markmið friðlýsingar og leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Að öðru leiti vísast til gildandi áætlunar um náttúruvættið.

Í júlí 2024 er gert ráð fyrir að drög að viðbót við stjórnunar- og verndaráætlun Álafoss fari í lögbundið kynningarferli þar sem öllum gefst kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Eftirtöldum samráðsaðilum verður sent erindi til að vekja athygli á að áætlunin sé í kynningarferli.

- Ferðamálastofa
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
- Íbúasamtök Álafossvosar
- Land og skógur
- Landssamband hjólréiðamanna
- Landvernd
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Suðvesturlands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Samgöngustofa
- Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
- Skipulagsstofnun
- Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti